





Reykjavík, 13. janúar 2026
USK25110246

Silungakvísl/Strengur – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Íslandsturna Sendastaða hf., dags. 17. nóvember 2025, ásamt bréfi ÍslandsTurna, ódags., um breytingu á hverfisskipulagi Árbæjar, hverfi 7.1 Ártúnsholt, vegna lóðarinnar nr. 28 við Bleikjukvísl, sem felst afmörkun nýrrar lóðar fyrir fjarskiptamastur við Bleikjukvísl (við Grendarvöll), samkvæmt uppdr. ÍslandsTurna, dags. 10. nóvember 2025.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag/ Hverfisskipulag.



Skýringarmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin við Streng borgarhluta 7 og er hluti af opnu grænu svæði.

Hverfisskipulag: Í gildi er hverfisskipulag fyrir Ártúnsholt, tók gildi í nóvember 2019 með birtingu í B- deild Stjórnartíðinda. Strengur, borgargata er í skilmálaeiningu 7.1.6.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa við staðsetningu fjarskiptamasturs og gerð lóðar fyrir mannvirkið við Bleikjukvísl og Streng. Um er að ræða 18 metra fjarskiptasúlu fyrir sendabúnað fjarskiptafélaga með tengiskápum við jörð. Óskað er eftir úthlutun á 25 fermetra lóð.

Í gildandi hverfisskipulagi er svæðið skilgreint sem hverfistorg og dvalarsvæði við borgargötu. Í skilmálum hverfisskipulags er heimild til að endurhanna borgarrýmið með bættri landslagshönnun, trjágróðri og götugögnum. Ekki er talið að fjarskiptamastur sé ákjósanlegt á slíku svæði sem á að verða þungamiðja nýrrar borgargötu.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla



skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Britta Magdalena Ágústsdóttir

verkefnastjóri



Reykjavík